

Fjórði fundur haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 9. mars 2017 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Harpa Jónsdóttir, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Erindi dagsett 1. mars frá Gísla Guðmundssyni og varðar útlagðan lögfræðikostnað. **Oddvita falið að taka saman umbeðnar upplýsingar og senda fyrirspyrjanda. Því miður er það staða sveitarfélaga í dag að nauðsynlegt er fyrir þau að leita sér faglegra aðstoðar í ákveðnum málum, meðal annars hjá lögfræðingum og skapar það lögfræðikostnað. Oddviti kynnti sér hvernig staðið er að slíkum málum hjá öðrum sveitarfélögum og eru vinnubrögð Eyja og Miklaholtshrepps í samræmi við vinnubrögð annarra sveitafélaga.**
2. Drög að reglum að sérstökum húsnæðisstyrk sbr. Lög um húsnæðisbætur no. 75/2016. **Drögin samþykkt samhljóða.**
3. Staðgreiðsluuppgjör vegna 2016. **Lagt fram.**
4. Erindi frá Isorku og varðar rafbílahleðslustöðina. **Oddvita falið að skoða málið.**
5. Verkefnið Betra ljós gjaldskrá. **Gjaldskrá breytt þannig að rukkað verði fyrir 2 mánuði í einu í stað mánaðarlega.**

Lagt fram til kynningar.

6. Aðalfundarboð á fundi á vegum SSV
7. 128 fundargerð stjórnar SSV
8. Boðun á XXXI. Landsþing sambandsins
9. Fundargerð 847 sambandsins
10. Fundargerð 13. Febrúar framkvæmdaráðs Snæfellsnes

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)
Atli Sveinn Svansson 8 sign)
Halldór Jónsson (sign)
Harpa Jónsdóttir (sign)
Eggert Kjartansson (sign)